



## LANGANESBYGGÐ

### 8. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 11. september 2014 og hófst kl 17:00

**Mætt eru:** Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

**Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemd væri við fundarboð og svo var ekki.**

#### Dagskrá:

**1. Fundargerð sveitarstjórnar nr 7/2014**

Lögð fram til kynningar

**2. Fundargerð íþrótt- og tómstundanefndar nr 1/2014**

Lögð fram til kynningar

Liður 5. Lögð fram athugasemd forstöðumanns íþróttahúss við þann lið. Þar kemur fram m.a. að einhvers misskilnings virðist gæta hjá nefndinni varðandi kröfur um starfmannafjölda við sundlaugarvörslu. Í reglugerð 814/2010 með breytingu nr.7703 05.09 2012, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum segir: „Tekið úr 2.gr. 11.gr) „Við almenningslaugar allt að 25 x 12,5 metra að stærð skal að minnsta kosti vera einn laugarvörður við laugargæslu við hverja sundlaug. Þrátt fyrir ákvæði 3.ml.2.mgr. er á ákveðnum tímum í laugum allt að 25 m á lengd, heimilt að laugarvörður sinni störfum sem tiltekin eru í 3.ml. þessarar mgr. samhliða laugarvörslu, þó laugarvörðurinn sé einn á vakt við laugina. Þetta er þó einungis heimilt ef vakt og afgreiðsla eru í sama rými og yfirsýn úr rýminu er með þeim hætti að auðvelt er að fylgjast með gestum í laug um leið og afgreiðsla fer fram. Á meðan gestir eru í laug má laugarvörður ekki sinna öðrum störfum en þeim að selja aðgang ofan í laug eða tilfallandi störfum við laugarbakka þar sem yfirsýn yfir laugarsvæðið er gott. Heimildarákvæði þetta gildir einungis fyrir laugar þar sem gestafjöldi í laug er að meðaltali undir 10 gestum á ársgrundvelli á þeim tíma dags sem um ræðir.“

**3. Fundargerð fræðslunefndar nr 2/2014**

Lögð fram til kynningar.

Liður 3 – skólaakstur milli skólahverfa í Langanesbyggð. Sveitarstjórn tekur undir bókun fræðslunefndar og telur mikilvægt að staðið sé við settar reglur varðandi skólahverfi. En einnig að komið verið til móts við þá nemendur sem höfðu hafið nám áður en þær reglur voru settar. Sveitarstjóra falið að ræða



þetta við skólaláttjóra og fara yfir fyrirkomulagið með foreldrum. Samþykkt samhljóða.

**4. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara dags. 21. ágúst 2014**

Lögð fram til kynningar. Lagt til að senda fundargerðina á fræðslunefnd. Samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólustjórafélags Íslands dags. 26. ágúst 2014**

Lögð fram til kynningar. Lagt til að senda fundargerðina á fræðslunefnd. Samþykkt samhljóða.

**6. Fundargerð 257. fundar stjórnar Eypings dags 13. ágúst 2014**

Lögð fram til kynningar

**7. Fundargerð 366. Fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 15. ágúst 2014**

Lögð fram til kynningar

**8. Ályktun frá aðalfundi Samtaka ungra bænda**

Lögð fram til kynningar

**9. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags 2. september 2014 – Auglýsing umsóknar um byggðarkvóta fiskveiðiársins 2014/2015**

Sveitarstjóra falið að vinna umsókn, kynna hana fyrir sveitarstjórnarmönnum og skila inn fyrir tilsettan tíma.

**10. Slökkvibíll – undanfaraþíll**

Sveitarstjóri var búinn að senda minnisblað í tölvupósti um málið. Hann fór ítarlega yfir minnisblaðið. Kaup á umræddum bíl væru að mestu sjálfbær, þ.e. að SL myndi afla sér tekna og/eða spara fé til kaupanna. Fjárhagsleg aðkoma sveitarfélagsins er þó nauðsynleg og fælist annarsvegar í aukafjárveitingu Langanesbyggðar til fjárfestingarinnar að upphæð ein komma tvær milljónir, á móti því framlagi myndi Svalbarðshreppur leggja til hlutfallslegt stofnframlag í samræmi við samning sveitarfélaganna. Eftirstöðvar fjármagnaðar með láni frá Sparisjóði Norðurlands sem yrði endurgreitt með sértekjum og sparnaði. Sveitarfélagið yrði ábyrgt fyrir greiðslum. Slökkviliðsstjóri tekur í nafni SL að sér eldvarnaeftirlit án þess að fyrir komi sérstök greiðsla, í því fellst sparnaður fyrir sveitarfélagið sem nemur á verðlagi



dags u.þ.b fimm hundruð þúsund krónum á ári, sparnaður þessi yrði nýttur í fjármögnun á bílnum.

Slökkvilið Langanesbyggðar kaupir búnað til hleðslu slökkvitækja, sá búnaður kostar með tengdum námskeiðum u.þ.b sjö hundruð og fimmtíu þúsund. Í framhaldinu tæki SL að sér að fylla á slökkvitæki í byggðarlaginu og jafnvel fyrir nágrannabyggðarlög. Slökkvistjóri telur að umrædd vinna rúmist vel innan hans starfssviðs og vinnutíma. Umrædd fjárfesting ætti að skila að lágmarki fimmhundruð þúsund króna tekjum á ári að frádregnum kostnaði.

Lagt til að kaupa nýjan undanfararbil. Sveitarstjóra falið að ganga frá kaupunum. Samþykkt samhljóða.

## 11. Sértekur húsaleigubætur

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórnarmenn þurfa að taka afstöðu til þess hvort kerfi með sértækum húsaleigubótum verði tekið upp í Langanesbyggð. Umræður sköpuðust um málið. Ákveðið að heyra í jöfnunarsjóði og fá frekari upplýsingar. Sveitarstjóra falið að gera áætlun um kostnað og drög að reglum vegna sértækra húsaleigubóta sem verður lagt fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

## 12. Skýrsla sveitarstjóra

- a. **Reglur um styrki til náms.** Samkvæmt núgildandi reglum er ekki hægt að verða við fyrirbyggjandi ósk um styrk til náms og hefur henni því verið hafnað. Reglurnar miða við að styrkja ófaglært fólk í grunnnám. Vegna breytinga á grunnnámi þarf að endurskoða núgildandi reglur Langanesbyggðar og er sveitarstjóri að vinna í því.
- b. **Leikskóli á Bakkafirði.** Fræðslunefnd hefur fjallað um málið og er niðurstaða nefndarinnar að fela formanni, skólastjóra grunnskólans á Bakkafirði og leikskólastjóra að vinna að mótun reglna fyrir leikskólann. Málið er í vinnslu. Um leið og búið er að móta reglurnar er hægt að fara að auglýsa eftir starfsmanni.
- c. **Styrkvegir 2014 – staða á framkvæmdum.** Búið að ákveða að lagfæra veginn inn í Miðfjarðarheiðarkofa. Þetta er framkvæmd sem staðið hefur til að fara í. Búið var að kaupa ræsi í framkvæmdina fyrir nokkrum árum sem hafa aldrei verið sett upp. Samið var við Marinó í Miðfirði að fara í framkvæmdina.
- d. **Framkvæmdir 2014.** Sveitarstjóri kynnti samantekt á framkvæmdum sem send var með fundargögnum. Framkvæmdir ársins 2014 hafa farið verulega fram úr áætlunum og þarf að skilgreina ítarlega hvað fór úrskeiðis. Einhverjar framkvæmdir voru aðkallandi og óhjákvæmilegt að fara í. Eignfærðar framkvæmdir 30. júní sl voru fyrir utan hönnunarvinnu á leikskólanum 40,6



milljónir. Síðan þá hefur bæst við kostnaður upp á rúmar 15 milljónir. Samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir 25 milljónir kr árið 2014.

- e. **Uppgjör fyrstu 6 mánuði ársins og fundur með endurskoðanda.** Skatttekjur fyrstu sex mánuði ársins voru tæpar 183 milljónir kr en áætlun gerði ráð fyrir rúmum 223 milljónum kr.

Rekstrargjöld eru nánast á pari við áætlun en töluverðir innbyrðis tilflutningar eru þar. Ljóst er að vegna launahækkana mun rekstrarkostnaður aukast umfram áætlanir seinni helming ársins.

Rekstrarniðurstaðan er þannig að áætlun gerði ráð fyrir 18 milljóna tekjuafgangi en raunstaðan er 21,9 milljóna rekstrarhalli. Þetta er áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess hve langt er liðið á árið og í raun fáir möguleikar í boði til viðsnúnings rekstrar.

- f. **Námskeið með sveitarstjórnarmönnum hjá KPMG.** Námskeiðið með KPMG verður haldið föstudaginn 19. september 2014 og hefst kl 16:00. Mjög mikilvægt er að sveitarstjórnarmenn mæti á þetta námskeið.
- g. **Leikskólinn á Þórshöfn.** Farið yfir stöðuna á leikskólanum en hann er nú fullur og er ekki hægt að bæta þar við fleiri börnum komi óskir þess efnis á næstunni.
- h. **Starfsmannamál.** Sveitarstjóri fór yfir starfsmannamál síðustu vikna.
- i. **Önnur mál**
- Í dag var fundað um málefni Sauðaneshúss. Sveitarstjóri kynnti málið.
  - Vegurinn til Bakkafjarðar var heflaður um daginn en búið var að ýta við því.
  - Sveitarstjóri hefur farið á hverjum föstudegi til Bakkafjarðar og hefur það fyrir venju að fara eftir hádegi en þá opnar búðin og best að hitta sem flesta.

### 13. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Þar sem Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga er 25. september n.k. er lagt til að seinka þeim sveitarstjórnarfundi til þriðjudagsins 30. september n.k. kl 17. Samþykkt samhljóða. Fyrirhugað er að halda fundinn á Bakkafirði.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:11